

Fjármálaráðuneytið,
Starfsmannaskrifstofa,
b.t. Gunnars Björnssonar,
Amarhvoli,
101 Reykjavík.

Reykjavík, 3. nóvember 2005

Fyrirspurn vegna biðlaunaréttinda héraðsdýralækna.

Á félagsfundi DÍ og FÍN sem haldinn var 3. nóvember 2005 kom fram álit Ragnars Hall hrl. að embættisdýralæknar sem tækju störf hjá Landbúnaðarstofnun héldu ánumun biðlaunarétti sínum í nýju starfi þrátt fyrir að þeir verði ekki lengur embættismenn. Jón Gíslason forstjóri Landbúnaðarstofnunar lét í ljós sama álit á fundi með héraðsdýralæknum síðar um daginn.

Óskum eftir staðfestingu að þetta sé einnig álit fjármálaráðuneytisins. Einnig óskum við eftir túlkun ráðuneytisins á hugsanlegum mismun þeirra sem sem ráðnir voru annars vegar fyrir 1. júlí 1996 og hinna sem ráðnir voru síðar varðandi biðlaunaréttindi héraðsdýralækna.

f.h. héraðsdýralækna

Rúnar Gíslason
Héraðsdýralæknir Snæfellsnesumdæmis

Gunnar Örn Guðmundsson
Héraðsdýralæknir Gullbringu – og
Kjósarumdæmis



Héraðsdýralæknir
Snæfellsnesumdæmis
Rúnar Gíslason
Áskinn 5
340 Stykkishólmi

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvíli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stjr.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Reykjavík 15. nóvember 2005
Tilv.: FJR05110026/230-8

Fjármálaráðuneytið hefur móttækið erindi yðar, f.h. héraðsdýralækna, dagsett 3. nóvember sl. Óskað er eftir staðfestingu ráðuneytisins á því að þeir embættisdýralæknar sem þiggja störf hjá Landbúnaðarstofnun komi til með að halda áunnum biðlaunarétti sínum í nýju starfi þrátt fyrir að þeir verða ekki lengur embættismenn. Þá er óskað eftir túlkun ráðuneytisins á hugsanlegum mismun þeirra sem ráðnir voru annars vegar fyrir 1. júlí 1996 og hinna sem ráðnir voru síðar varðandi biðlaunaréttindi.

Samkvæmt starfsmannalögum nr. 90/1996 er meginreglan sú að við niðurlagningu starfa eru það eingöngu embættismenn sem geta átt rétt til biðlauna en ekki aðrir starfsmenn ríkisins. Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 90/1996 er að finna undantekningu frá þessari meginreglu og er ákvæðið svohljóðandi: "*Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónstu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr. "*

Fjármálaráðuneytið telur að upphafstími skipunar eða ráðningar viðkomandi einstaklings ráði því hvort biðlaunaréttur sé fyrir hendi eða ekki í nýju starfi hjá Landbúnaðarstofnun. Héraðsdýralæknir sem skipaður var eða ráðinn eftir gildistöku laga nr. 90/1996, þann 1. júlí 1996, á því ekki biðlaunarétt nema því aðeins að hann hafi hafið störf í tíð eldri laga hjá annarri ríkisstofnun og sinnt starfi í þjónustu ríkisins óslitið þar til hann tók við starfi sem héraðsdýralæknir. Þá staðfestir fjármálaráðuneytið þann skilning að þeir héraðsdýralæknar sem ráða sig til Landbúnaðarstofnunar halda biðlaunarétti í nýju starfi samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 90/1996 að uppfylltu skilyrðum ákvæðisins.

Fyrir hönd ráðherra

Gunnar Björnsson

Sonja María Hreiðarsdóttir